

1875

7520sta
oktbr.*Brjef landshöfðingja* (til böjarfógetans í Reykjavík).

Með þessu brjefi var leyft böjarstjórninni að taka 2000 króna lán til að kaupta fyrir ljóskei til að lýsa með götur böjarins.

7620sta
oktbr.*Brjef landshöfðingja* (til böjarfógetans í Reykjavík).

Með þessu brjefi var leyft böjarstjórninni að jafna niður á böjabúa 15071 kr. 93 a., þó meðaltal böjargjalda hin síðstu 3 ár að viðbætium 1 sammitungi að eins verði 13258 kr. 70 a. — Sbr. tilsk. 20. apr. 1872 § 191.

7720sta
oktbr.*Brief landshöfðingja* (til amtmannsins yfir norður- og austurumdœminu).

Leyft var hinum setta sýslumannni í Þingeyjarsýslu að hafa aðsetur sitt að Ljósavatni til næstu vordaga, með því skilyrði, að hvorki hið opinbera nje sýslubúar hafi nokkurn baga af þessari eru hans fyrir utan hinn lögskipaða aðsetursstað sýslumannsins, Húsavík.

7820sta
oktbr.*Brjef landshöfðingja* (til amtmannsins yfir norður- og austurumdœminu).

Eptir að settur hjeraðslæknir í Þingeyjarsýslu Július Halldórsson hafði fengið 100 króna styrk úr landssjóði til ferðar sinnar frá Reykjavík norður að embætti sínu á fyrra árs hausti, hafði hann sótt um 150 króna viðbót við þenna styrk úr jafnaðarsjóði norður- og austurumdœmisins. Bónarbrjef hans um þetta var endursent amtmanni með vísbendingu um, að það samkvæmt 54. grein sveitarstjórnartilskipunarinnar ætti að hverfa undir úrskurð amtsráðsins.

7922an
oktbr.*Brjef landshöfðingja* (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdœminu).

Með þóknanlegu brjefi frá í gær, hefur herra amtmáðurinn sent mjer beiðni sýslunefndarinnar og breppsnefndarinnar á Vestmannaeyjum um, að útvegaðar verði 100 tunnur af rúgi banda sveitinni, til að koma í veg fyrir hungursneyð á í hönd farandi vetri, helmingur að gjöf, en helmingurinn sem lán með svo vægum kjörum, sem unnt er; hefur sýslunefndin þar hjá tekið fram, að enda þótt hin umsókta gjöf ekki fáist, treysti hún sjer þó ekki til að taka störra lán, en svo sem svari 50 tunnum af rúgi. Hr. amtmáðurinn hefur næst því að staðhæfa, að álita megi verulega hættu fyrir hungursneyð á Vestmannaeyjum, ef sveitinni verði eigi hjálpað til að boeta upp þær litilfjörlegu kornborgðir, sem nú eru þar við verzlunarstaðina, og að skýra frá, að yður hafi tekizt að útvega Vestmannaeyjum að gjöf 6 tunnum af rúgi og 4 tunnum af bankabyggi, sem eptir voru af gjafakorni því, er fyrir nokkrum árum safnaðist, lagt það til, að nefndri sveit megi verða veitt 1000 kr. lán úr landssjóði gegn 4% árlegum vöxtum og endurborgun í 2 ár, hvert eptir annað og enn fremur fallið mjer á vald, hvort það mætti vera unnt að veita breppnum í viðbót gjöf þá, sem um er beðið, jafnframt og þjér hafið látið í ljósi, að enda þótt þær 50 tunnum af korni, sem þjér móti borgun út í hönd getið útvegað hjá kaupmönnum þjér handa Vestmannaeyjum, er hafa sent skip hingað, sem kom í gær, gagngjört í þessu erindi, ekki að öllu fullnægði þeim skorti, sem menn þar kviða fyrir, vonið þjér þó, að með þeim muni verða bætt úr þeirri hungursneyð, sem menn óttast fyrir á Vestmannaeyjum.

Út af þessu leiði jeg ekki hjá mjer þjónustusamlega að tjá herra amtmanninum til þóknanlegrar leiðbeiningar og aðgjörða, að jeg eptir kringumstœðunum og að áskildu

1) Með brjefi frá 1. nóvbr. leiddi landshöfðingi í öðru mali athygli böjarstjórnarinnar að því, að ekki þarf samkvæmt þessari lagagrein samþykki landsböfðingja til að stofna lán, er endurborga skal á sama ári og það er tekið.